

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983 - 2003, hesthúsahverfi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. apríl 1998 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur frá 15. nóvember 1984 með síðari breytingum.

Breytt er opnu svæði sunnan við hesthúsahverfi í opið svæði til sérstakra nota þar sem reisa á reiðskemmu ásamt gerðum og reiðvelli. Jafnframt er aðkomuvegur færður vestar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Grindavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar ráðherra.

Umhverfisráðuneytinu, 16. apríl 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.